**143. löggjafarþing 2013–2014.**
**Þingskjal 584 — 302. mál.**

# Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um fegrunar- og lýtaaðgerðir á kynfærum kvenna.

Frá Líneik Önnu Sævarsdóttur.

1. Hvaða reglur gilda um upplýsingagjöf lýtalækna til landlæknis um lýtaaðgerðir? Er munur á upplýsingagjöfinni eftir því hvort aðgerðirnar eru gerðar af læknisfræðilegum ástæðum eða af öðrum ástæðum?
2. Hversu margar lýtaaðgerðir eru gerðar árlega á kynfærum kvenna? Hversu margar af þeim eru gerðar á skapabörmum? Hversu margar eru til þrengingar á leggöngum? Hversu margar þeirra eru hvíttunaraðgerðir í kringum endaþarm og kynfæri? Hversu margar brjóstastækkanir eru framkvæmdar árlega?
3. Hversu margar lýtaaðgerðir á skapabörmum eru gerðar á stúlkum undir 18 ára aldri?
4. Hverjar eru skyldur lýtalækna varðandi fræðslu til sjúklinga um hugsanlegar auka- eða hliðarverkanir aðgerða, um nauðsynlegt reglulegt eftirlit eftir aðgerðir og um möguleg áhrif þessara aðgerða á fæðingar og brjóstagjöf?

**Skriflegt svar óskast.**